



365. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í færeyska herberginu í Alþingishúsinu 29. desember 2009 kl. 13.00. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Oddný Harðardóttir, Þuríður Backman og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Þingmennirnir Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir og Sigurður I. Jóhannsson tilkynntu að þeim seinkaði vegna þingflokksfundar hjá Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki sem hófust á sama tíma og fundur Þingvallanefndar.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlun 2010 og staðan um áramót.

Karl Kristjánsson mætti til fundarins og lagði fram fjárhagsáætlun 2010 sem byggir á óbreyttum rekstri milli ára og 5,5 millj. króna rekstarafgangi. Áætlunin var samþykkt samhljóða og verður send ásamt greiðsluáætlun til forsætisráðuneytis.

Famkvæmdaáætlun 2010. Lagt fram minnisblað frá Karli Kristjánssyni vegna byggingar snyrtihúsa á Hakinu.

Samþykkt að fela Karli að fylgja málum eftir þannig að tilboð og áætlun um verkið liggi fyrir um mánaðamótin janúar/febrúar sem er nauðsynlegt til að unnt verði að ljúka verkinu fyrir sumarið.

KK vék af fundi kl. 13.15. ÞKG mætti til fundarins kl. 13.17.

2. Lagðar fram tvær styrkbeiðnir:

- a. Umsókn Laxfiska efh og rannsóknáætlun vegna rannsókna á stórrurriða í Þingvallavatni. Samþykkt m. 4 atkvæðum að veita óbreyttan styrk, 1 milljón króna, á árinu 2010. ÞKG óskaði bókað að hún teldi rannsóknur þessa mikilvægar en einnig að gæta þyrfti ítrasta aðhalds og því mikilvægt að endurskoða allar fjárveitingar milli ára í ljósi efnahagsástandsins.
- b. Umsókn Reynis Bergsveinssonar um styrk til að vega mink í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Samþykkt að veita 400 þúsund kr. styrk á árinu 2010 með tilvísun til samþykktar Þingvallanefndar frá 6. mars 2008 en hér er um að ræða þriðju og síðustu greiðslu skv. þeirri samþykkt. Ritara falið að fara yfir verklagsreglur og skýrslu Reynis vegna liðins árs með tilliti til umræðna á fundinum.

REÁ og SIJ mættu til fundarins kl. 13.25.

3. Umsóknir um starf þjóðgarðsvarðar og framkvæmdastjóra Þingvallanefndar.

Lögð fram forkönnun frá Helgu Jónsdóttur, Capacent að loknum viðtölum við 22 umsækjendur. Samþykkt að fela ritara að boða 14 umsækjendur til viðtals við nefndarmenn mánudaginn 4. og þriðjudaginn 5. janúar n.k. Stefnt að því að ljúka umfjöllun í þeirri viku á fundi nefndarinnar.

ÞKG vék af fundi kl. 13.45.

4. Tillaga formanns um greiðslu þóknunar fyrir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 og uppgjör ársins 2009.

Samþykkt með fjórum samhljóða atkvæðum að greiða Karli Kristjánssyni sem nemur hálfum mánaðarlaunum framkvæmdastjóra fyrir þá vinnu sem honum hefur verið falin umfram það sem um var samið sbr. fundargerð Þingvallanefndar frá 3.9.2009.

5. Efristígur 16.

Lagt fram erindi Guðjóns Eyjólfssonar dags. 1. des. 2009 um að nefndin falli frá forkaupsrétti vegna sölu sumarhúss til sonar hans Ottós Guðjónssonar.

Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti. Nefndin bendir á að allir lóðarleigusamningar í þjóðgarðinum á Þingvöllum renna út þann 30. júní 2010 og eru þeir ásamt bygginga-skilmálum til endurskoðunar. Nefndin áréttar af þessu tilefni samþykkt frá 353. fundi Þingvallanefndar þann 6. mars 2008, um að ekki verði veittar heimildir til nýbygginga eða til endurgerða á sumarhúsum í þjóðgarðinum fyrr en að endurskoðun lokinni.

6. Önnur mál:

- a. Lögð fram tilkynning um breytingu á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Ritara falið að kynna breytingarnar á vef þjóðgarðsins.
- b. Lagt fram bréf forsætisráðuneytis dags. 16. desember 2009, þar sem tilkynnt er um 2,5 milljón króna framlag til fornleifarannsóknna sem fram fóru s.l. sumar við Þingvallakirkju.
- c. Lagt fram bréf Lilju Jónasdóttur lögmanns dags. 9. desember s.l. til lóðarleiguhafa um nauðsyn þess að þeir óski eftir framlengingu á lóðarleigusamningum fyrir áramótin sbr. umræður á fundi nefndarinnar 30.11.2009.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14.00.